

Hvammstanga, 2. maí 2019

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skuggasundi 1,
150 Reykjavík.

Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi), 784. mál.

Í framkomnu frumvarpi eru lagðar til tvenns konar breytingar sem báðar varða starfssvið sýslumanns. Í fyrsta lagi varðandi samræmingu á málsmeðferð og ákvörðun sekta milli skráningarskyldra og rekstrarleyfisskyldra aðila vegna leyfisskyldrar gististarfsemi annars vegar og skráningarskyldrar heimagistingar hins vegar. Í öðru lagi er lögð til breyting varðandi eftirlit með skilum á nýtingaryfirlitum einstaklinga sem leigja út húsnæði sitt og skrá undir heimagistingu.

Með breytingum á lögnum á árinu 2017 færðist umsjón svokallaðrar heimagistingar frá sýslumönnum um land allt til embættis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu fyrir landið allt, með þeim hætti að í stað þess að vera rekstrarleyfisskyld starfsemi (áður gistileyfi í flokki 1) telst starfsemin nú aðeins skráningarskyld (gjarnan nefnt 90 daga leyfi). Fer sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu sem fyrr segir með málaflokkinn á landsvísu, móttöku skráninga, gjaldtöku svo og eftirlit með starfseminni. Sýslumenn hver í sínu héraði fara eftir sem áður með útgáfu rekstrarleyfa en eftirlit með rekstrarleyfisskyldri starfsemi er á höndum lögreglu.

Á árinu 2018 hóf sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu rekstur „heimagistingarvaktar“ til að sinna lögbundnu eftirliti sínu með óskráðri heimagistingu og jafnframt hóf embættið að leggja á stjórnvaldssektir með heimild í 22. gr. a. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Heimildin nær aðeins til álagningar stjórnvaldssekta vegna brota sem snúa að heimagistingu, en ekki vegna annarra brota á löggjöfinni. Hefur það leitt til þeirrar stöðu að lögsaga sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. beiting stjórnvaldssekta, nær aðeins til þeirra gististaða sem sannarlega eru nógu smáir að sniðum til að geta talist heimagisting en verði embættið vart stærri reksturs sem ekki hefur tilskilin leyfi til starfsemi sinnar getur það ekki aðhafst með ákvörðun viðurlaga, enda fer lögregla, hver í sínu umdæmi, sem fyrr segir með eftirlit með rekstrarleyfisskyldri starfsemi.

Fyrirliggjandi frumvarpi er ætlað að eyða því ósamræmi sem þarna hefur komið upp, þannig að sýslumanni verði jafnframt heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem hefur með höndum rekstrarleyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis. Er það vel, enda nauðsynlegt að eyða slíku ósamræmi úr lögum. Má ætla að með því flytjist nokkur ábyrgð af eftirliti með leyfisskyldum rekstri frá lögreglu til sýslumanna sem jafnframt eru útgefendur umræddra leyfa.

Hins vegar má ráða af frumvarpinu að ekki stendur til að sýslumenn, hver í sínu umdæmi, sinni umræddu eftirliti og ákvarði viðurlög við brotum, heldur verði einu embætti á landsvísu falið að taka ákvarðanir um stjórnvaldssektir vegna leyfiskyldrar gististarfsemi, sbr. e.-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Má leiða að því líkur að embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu fái þetta verkefni, enda hefur þegar verið sett þar á fót heimagistingarvakt sem rækir hlutverkið.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) leggst gegn því að sú leið verði farin og metur það sem svo að með því sé í raun verið að færa verkefni frá lögreglu- og sýslumannsembættum á landsbyggðinni til „heimagistingarvaktar“ sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Það mun er frá líður, auk þess að veikja starfsemi lögreglu og sýslumanna á landsbyggðinni, ekki leiða til eflingar eftirlitisins, heldur veikja það, þar sem við eftirlit af þessum toga verður að vera til staðar staðbundin þekking og yfirsýn heimamanna til að sem bestur árangur náist. Því nær þjónustunni sem eftirlitið er, því betra. Það hefur enda sýnt sig að eðli málsins samkvæmt að „heimagistingarvakt“ sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hefur litla burði til eftirlits annars staðar á landinu en á „stór“-höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að stuðlað verði að markvissu eftirliti á landsbyggðinni til að bæta rekstrarskilyrði leyfisskyldra aðila og er það mat stjórnar SSNV að slíku eftirliti sé best borgið hjá sýslumanns- og lögregluembættum á hverjum stað.

Auk framangreindra athugasemda vill stjórn SSNV taka undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tengjast tillögum ferðamálaráðs um aðgerðir í þágu ferðapjónustunnar frá 31. ágúst 2017¹. Nánar tiltekið er átt við tillögur 1.2 og 1.6:

Tillaga 1.2

Lagt er til að sveitarfélögum verði gert heimilt að ákveða sjálf leyfilegan dagafjölda heimagistingar innan 90 daga reglunnar sbr. lög nr. 85/2007, sbr. lög nr. 45/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til að mæta mismunandi aðstæðum í ólíkum sveitarfélögum.

Frá því að tillögur ferðamálaráðs voru settar fram hefur hegðun ferðamanna breyst nokkuð sem eins og fram kemur í umsögn Sambandsins: „dvelja skemur á landinu, gista á höfuðborgarsvæðinu og fara síður út á land“. Það er því enn brýnni þörf nú en árið 2017 að leita allra mögulegra leiða til að treysta rekstrargrundvöll gististaða á landsbyggðinni sem starfa á heils árs grundvelli, sérstaklega á þeim stöðum þar sem háönn ferðamannatímabilisins er jafnvel skemmri en 90 dagar. Ekki getur talist eðlilegt að aðilar „fleyti rjómann“ af ferðamannatímabilinu á þessum stöðum án þess að hafa fullt rekstraleyfi í samkeppni við þá aðila sem skv. lögum verða að hafa slíkt leyfi með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn. Veruleikinn er afar mismunandi á ólíkum stöðum á landinu og því eðlilegt að sveitarfélögin fái heimild til að meta hvað eðlilegt getur talist á þeirra svæði.

Tillaga 1.6

Lagt er til að eftirlit með heimagistingu í 90 daga reglunni verði einfaldað til muna með því að sett verði upp rafræn gátt þar sem leyfishafar skrá fyrirfram þá daga sem þeir hyggjast leigja eign sína út og eru þá bundnir af því að leigja hana út á þeim tíma og ekki öðrum (mögulegt verði að gera breytingar á leigudögum með stuttum fyrirvara). Það auðveldar vettvangseftirlit og

¹ Tillögur ferðamálaráðs er að finna hér: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=afb97560-a398-11e7-941d-005056bc4d74>

sömu leiðis eftirlit með dagafjölda.

Eins og fram kemur í umsögn Sambandsins þarf eðlilega að rúmast innan slíks kerfis ákveðið svigrúm til breytinga, t.d. ef forföll verða af hálfu þess sem bókað hefur gistingu. Stjórn SSNV álitur að framkvæmd framangreindrar tillögu myndi einfalda eftirlit til mikilla muna, einkum og sér í lagi ef eftirlitið er á höndum sýslumanna og lögreglu á landsbyggðinni þar sem til staðar er staðbundin þekking og yfirsýn heimamanna.

Stjórn samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra leggst því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga í óbreyttri mynd með framangreindum rökum. Þess er óskað að atvinnuveganefnd Alþingis taki framangreindar athugasemdir til athugunar og leggi þar með sitt af mörkum til að styrkja sýslumanns- og lögregluembættin á landsbyggðinni jafnframt því að bæta samkeppnishæfni rekstaraðila í heilsárs ferðaþjónustu víða um land.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd stjórnar SSNV,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri